

REGLUGERÐ

**um gildistöku tiltekinnar gerðar Evrópusambandsins
um aðskotaefni í matvælum.**

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í XII. kafla, II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli eftirtalinnar ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar öðlast eftirfarandi EB-gerð gildi hér á landi:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB), nr. 1822/2005, frá 8. nóvember 2005 um breytingu á reglugerð (EB), nr. 466/2001, að því er varðar nítrat í tilteknum tegundum grænmetis. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78 frá 7. júlí 2006.

Gerðin er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

2. gr.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt nema annað sé ákvarðað samkvæmt lögum eða sérreglum.

3. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum samanber og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli samanber og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnunin, 18. desember 2007.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1822/2005**

frá 8. nóvember 2005

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 466/2001 að því er varðar níturat í tilteknum tegundum grænmetis

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

spínati sem innihalda níturat umfram hámarksgildi en einvörðungu á innlendu yfirráðasvæði og til neyslu innanlands.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir Bandalagið vegna mengunarefna í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 2. gr.,

að höfðu samráði við vísindanefndina um matvæli,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 466/2001 frá 8. mars 2001 um hámarksmagn tiltekinnna mengunarefna í matvælum ⁽²⁾, eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 563/2002 ⁽³⁾, er sérstaklega kveðið á um sértækar ráðstafanir hvað varðar níturatgildi í salati og spínati og mælt fyrir um aðlögunartímabil þegar markaðssetja má á innlendu yfirráðasvæði salat og spínat sem inniheldur níturat umfram hámarksgildi.
- 2) Þrátt fyrir að góðum starfsvenjum sé betur fylgt í landbúnaði benda vöktunargögn frá aðildarríkjum til þess að enn sé erfiðleikum bundið að halda níturati í salati og spínati undir hámarksgildum.
- 3) Oft reynist erfitt að halda níturati í fersku spínati undir hámarksgildum í október. Október telst nú til sumartímabils spínats en er hluti af vetrartímabili salats. Til að gæta samræmis skal október falla undir vetrartímabil hvað ferskt spínat varðar.
- 4) Á svæðum þar sem erfitt er að halda níturati í fersku salati og fersku spínati undir hámarksgildum, t.d. vegna minnkandi dagsbirtu, hafa tiltekin aðildarríki farið fram á undanþágur og lagt fram nægilegar upplýsingar til að sýna fram á að unnið sé að rannsóknum sem miða að því að lækka gildin í framtíðinni.
- 5) Meðan þess er beðið að góðum starfsvenjum í landbúnaði verði betur fylgt er rétt að heimila þessum aðildarríkjum, í takmarkaðan tíma, að leyfa áframhaldandi markaðssetningu á fersku salati og fersku

- 6) Níturat finnst í öðru grænmeti, stundum í miklu magni. Til að skapa viðeigandi grundvöll fyrir frekari viðræðum um langtímastefnu í stjórnun áhættu vegna níturats í grænmeti skulu aðildarríkin fylgjast með níturatgildum í grænmeti og leitast við að minnka þau þar sem það er gerlegt, einkum með því að beita endurbættum reglum um góðar starfsvenjur í landbúnaði. Uppfært, vísindalegt áhættumat frá Matvælaöryggisstofnun Evrópu mun skýra frekar þá hættu sem stafar af níturati í grænmeti. Hámarksgildin, sem mælt var fyrir um í reglugerð (EB) nr. 466/2001, verða endurskoðuð með tilliti til upplýsinga úr framangreindum aðgerðum.

- 7) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 466/2001 til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 466/2001 er breytt sem hér segir:

1. ákvæði 3. gr. falli brott,
2. eftirfarandi 3. gr. a bætist við:

„3. gr. a

Aðildarríki skulu fylgjast með níturatstyrk í grænmeti sem inniheldur umtalsvert magn af níturati, einkum grænu blaðgrænmeti, og senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um niðurstöðurnar eigi síðar en 30. júní ár hvert.“

3. eftirfarandi 3. gr. b bætist við:

„3. gr. b

1. Þrátt fyrir 1. lið 1. gr. er Belgíu, Írlandi, Hollandi og Breska konungsríkinu heimilt, til 31. desember 2008, að setja á markað ferskt spínat, sem er ræktað og ætlað til neyslu á yfirráðasvæði þeirra, með níturatstyrk sem er yfir hámarksgildunum sem sett eru fram í lið 1.1 í I. viðauka.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 77, 16.3.2001, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 856/2005 (Stjtið. ESB L 143, 7.6.2005, bls. 3).

⁽³⁾ Stjtið. EB L 86, 3.4.2002, bls. 5.

Nr. 1307

18. desember 2007

2. Þrátt fyrir 1. lið 1. gr. er Írlandi og Breska konungsríkinu heimilt, til 31. desember 2008, að setja á markað ferskt salat, sem er ræktað og ætlað til neyslu á yfirráðasvæði þeirra, uppskorið árið um kring, með nítatstyrk sem er yfir hámarksgildunum sem sett eru fram í lið 1.3 í I. viðauka.

Þrátt fyrir 1. lið 1. gr. er Frakklandi heimilt, til 31. desember 2008, að setja á markað ferskt salat, sem er ræktað og ætlað til neyslu á yfirráðasvæði þeirra, uppskorið

frá 1. október til 31. mars, með nítatstyrk sem er yfir hámarksgildunum sem sett eru fram í lið 1.3 í I. viðauka.

4. Í stað 1. þáttar I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 466/2001 komi taflan í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. nóvember 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

VIDAUKI

Eftirfarandi komi í stað 1. þáttar í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 466/2001:

„1. þáttur: Nítrat

Afurð	Hámarksgildi (mg NO ₃ /kg)	Sýnatökuaðferð	Tilvísunargreiningaraðferð
1.1. Ferskt spínat ⁽¹⁾ (<i>Spinacia oleracea</i>)	Uppskera frá 1. október til 31. mars	3 000	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/63/EB ⁽²⁾
	Uppskera frá 1. apríl til 30. september	2 500	
1.2. Varið skemmdum, djúpfryst eða fryst spínat		2 000	Tilskipun 2002/63/EB
1.3. Ferskt salat (<i>Lactuca sativa L.</i>)(ræktað undir hlíf og ræktað undir berum himni), að undanskildu salati sem er skráð í lið 1.4.	Uppskera frá 1. október til 31. mars:		Tilskipun 2002/63/EB. Lágmarksfjöldi eininga á hvert rannsóknarsýni er 10
	salat, ræktað undir hlíf	4 500 ⁽³⁾	
	salat, ræktað undir berum himni	4 000 (3)	
	Uppskera frá 1. apríl til 30. september:		
	salat, ræktað undir hlíf	3 500 ⁽³⁾	
	salat, ræktað undir berum himni	2 500 ⁽³⁾	
1.4. Salat af jöklasalatsgerð ⁽⁴⁾	Salat ræktað undir hlíf Salat ræktað undir berum himni	2 500 ⁽³⁾ 2 000 ⁽³⁾	Tilskipun 2002/63/EB. Lágmarksfjöldi eininga á hvert rannsóknarsýni er 10
1.5. Barnamatur og unnin matvæli með korn sem uppistöðu fyrir ungbörn og smábörn ⁽⁵⁾ ⁽⁶⁾		200	Tilskipun 2002/63/EB (sömu ákvæði og fyrir unnin matvæli úr jurtaríkinu og fyrir unnin matvæli úr dýraríkinu)

⁽¹⁾ Hámarksgildi fyrir ferskt spínat gilda ekki um ferskt spínat sem setja skal í vinnslu og sem er flutt í lausri vigt beint af akri í vinnslustöð.⁽²⁾ Stjótið. EB L 187, 16.07.2002, bls. 30.⁽³⁾ Vanti viðeigandi merkingar sem segja til um framleiðsluaðferð skulu gildin, sem sett hafa verið fyrir salat, ræktað undir berum himni, gilda.⁽⁴⁾ Lýst í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1543/2001 frá 27. júlí 2001 þar sem mælt er fyrir um markaðsstaðal varðandi salat og hrokinblaða- og stórblaða (Batavian) salatfilla (Stjótið EB L 203, 28.7.2001, bls. 9).⁽⁵⁾ Barnamatur og unnin matvæli með korn sem uppistöðu fyrir ungbörn og smábörn samkvæmt skilgreiningu í 1. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 96/5/EB, KBE frá 16. febrúar 1996 um unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat fyrir ungbörn og smábörn (Stjótið. EB L 49, 28.2.1996, bls. 17). Hámarksgildin eiga við um afurðir sem eru tilbúnar til neyslu eða blöndunar með vatni samkvæmt fyrirætlum frá framleiðendum.⁽⁶⁾ Framkvæmdastjórnin skal endurskoða hámarksgildin fyrir nitröt í matvælum fyrir ungbörn og smábörn eigi síðar en 1. apríl 2006 og taka tillit til aukinnar þekkingar á sviði vísinda og tækni.*